



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað um skipan stýrihóps og rýnihópa vegna undirbúnings þróunar- skipulags- og uppbyggingarvinnu vegna Blikastaðalands.

**Dags:** 31. ágúst 2020

**Málsnúmer:** 202004164

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri

---

Á 1440. fundi bæjarráðs þann 22.4 var tekið fyrir bréf þar sem að Landey óskar eftir því að hefja vinnu með Mosfellsbæ um þróunar- skipulags- og uppbyggingarvinnu vegna Blikastaðalands.

Á þeim fundi var samþykkt að fela bæjarstjóra að bjóða forsvarsmönnum Landeyjar á sameiginlegan fund bæjarstjórnar og skipulagsnefndar þar sem fyrirhuguð uppbyggingaráform á Blikastaðalandi yrðu kynnt nánar. Kynningarfundurinn fór fram í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar miðvikudaginn 6. maí

Í kjölfar þess var samþykkt á 1445. fundi bæjarráðs þann 28.5 að fela bæjarstjóra Mosfellsbæjar að hefja undirbúning þess að formgera samtarf Mosfellsbæjar og Landeyjar með því að undirbúa viljayfirlýsingu um samstarf sem feli í sér upphaf þróunar- skipulags og uppbyggingarvinnu. Samhliða yrði gerð tillaga að að skipun rýnihópa sem rýni skipulagsmál, skólamál og fjárhagsleg áhrif verkefnisins. Tillögur þessa efnis skyldu lagðar fyrir bæjarráð sem skipi sérfræðinga Mosfellsbæjar og fulltrúa frá Landeyjar í rýnihópa.

Þann 6. júlí var fundað með fulltrúum Landeyjar og lögð fram drög að áætlun fyrir 1. áfanga þessarar vinnu sem er undirbúningur og skipan stýrihóps og rýnihópa. Í kjölfarið unnu fulltrúar Mosfellsbæjar úr umræðum fundarins og tóku saman skjal sem heitir Undirbúningur og skipan stýrihóps og rýnihópa og liggur fyrir þessum fundi. Hlutverk hópanna er að rýna forsendur, áherslur og tillögur á mismunandi stigum í ferlinu þannig að þær falli sem best að stöðu, framtíðarsýn og stefnu Mosfellsbæjar. Í samráði við hópanna verður leitast við að tryggja að fjallað verði um allar viðeigandi forsendur og áhrif á umhverfi og samfélag sem og efnahag sveitarfélagsins.

### Lagt er til að í stýrihópnum sitji fyrir hönd Mosfellsbæjar:

- Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
- Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar
- Þóra M. Hjaltsted, lögmaður Mosfellsbæjar, eftir atvikum.

### Lagt er til að í rýnihóp 1 sitji fyrir hönd Mosfellsbæjar:

- Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissiðs
- Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Lagt er til að í rýnihóp 2 sitji fyrir hönd Mosfellsbæjar:

- Linda Udengard, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs
- Gunnhildur Sæmundsdóttir, skólafulltrúi
- Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs, eftir atvikum

Virðingarfyllst,

Haraldur Sverrisson, bærarstjóri.